

Ed.

388. Tillaga

til þingsályktunar um almenningseldhús.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita tveim mönnum, einum karlmanni og einum kvenmanni, sem bæjarstjórn Reykjavíkur mælir með, alt að 4000 kr. styrk til þess að kynna sjer erlendis fyrirkomulag almenningseldhúsa og rekstur þeirra. Styrkur þessi veitist gegn því, að Reykjavíkurbær leggi fram það, sem á vantar.

Álitist þess eigi þörf að senda menn utan í þessum erindum, er landsstjórninni heimilt að verja fjenu til styrktar því, að almenningseldhúsi verði komið á fót.